

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið Skrifstofa landgæða

Reykjavík 16. ágúst 2020

Efni: Áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd – málsmeðferðareglur vegna friðunar, stytting á kynningartíma fyrirhugaðrar friðlýsinga – Samráðsgáttarmál nr. 139/2020.

Í Samráðsgáttinni er ofangreindu máli lýst svo að í ljósi þess að reynsla sé komin á friðlýsingu í samræmi við 36. gr. og 38. – 40. gr. náttúruverndarlaga sé rétt að leggja til styttingu á kynningarferli áformaðra friðlýsinga. Þá eru kynnt önnur áform um breytingar sem lúta að, undanþágum frá friðlýsingu, kortlagningu óbyggðra víðerna og bann við losun sorps.

Í þessari umsögn vill Samorka koma á framfæri eftirfarandi ábendingum og athugasemdum vegna styttingar á kynningarfrestinum.

Í lýsingu málsins er ekki að sjá til hvaða reynslu er verið að vísa þegar rætt er um nauðsyn þess að stytta kynningartíma friðlýsingaráforma. Því er ekki hægt að sjá að nein formleg rök komi fram hér að lútandi. Almennt hefur verið mikið lagt upp úr því, í þeim breytingum sem gerðar hafa verið á ýmsum stjórnsýslureglum undanfarin ár, að styrkja réttindi borgaranna gagnvart því opinbera. Ekki er að sjá að þessi breyting falli að þessum grundvallar sjónarmiðum, sér í lagi þegar horft er til þeirra verulegu hagsmuna sem jafnan eru undir þegar landsvæði eru tekin til friðunar.

Nánar tiltekið snúa þær hugmyndir sem hér eru kynntar að því að stytta þá kynningarfresti sem snúa að þeim friðunum sem ráðherra fer í og ekki eru á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár.

Um er að ræða áform um friðlýsingar sem:

- ráðherra ákveður með samþykki landeigenda og viðkomandi sveitarfélags þótt ekki sé gert ráð fyrir viðkomandi friðlýsingu á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrá
- byggja á verndarflokki verndar- og orkunýtingaráætlunar, sbr. 53. gr. laganna, sem Alþingi hefur samþykkt í formi þingsályktunar

Athyglisvert er að í kynningu málsins er ekki tiltekið sérstaklega að friðlýsingar á grundvelli rammaáætlunar séu hér undir þótt augljóst sé að umrædd breyting muni einnig hafa áhrif á

framkvæmd friðlýsinga virkjunarkosta sem fallið hafa í verndarflokk í samþykkttri verndar og orkunýtingaráætlun.

Ljóst er að um verulega hagsmuni er að ræða fyrir hagaðila í hverju máli bæði landeigendur og hagaðila, s.s. orkufyrirtækin. Þá má færa rök fyrir því að fremur hafi skort á að þeim grundvallarsjónarmiðum um sérstakt samtal og eftir atvikum samningsumleitunum við landeigendur hafi verið fullnægt.

Þá hefur reynslan af afmörkun friðlýstra svæða á grundvelli þingsályktunar um rammaáætlun II sýnt að full þörf er á reglum um vandaða málsmeðferð og rúma fresti til athugasemda. Er í þeim efnum vísað til athugasemda sem Samorka hefur gert í tilefni umræddra friðlýsinga.

Með framanritað í huga getur Samorka ekki fallist á ofangreinda hugmynd að breytingu á náttúruverndarlögum.

Að öðru leyti vísar Samorka til umsagna aðildarfélaga sinna um málið.

Virðingarfyllst,

f.h. Samorku – samtaka orku- og veitufyrirtækja.

Baldur Dýrfjörð lögfræðingur